

veiðar, þar á meðal reglum um friðunar-  
svæði og öðrum reglum um lokun svæða.  
Staðsetning ofangreindra íslenskra  
skipa skal daglega tilkynnt færeysku  
landhelgisgæslunni (vagnar- og hjarging-  
artænastuni), meðan þau stunda veiðar  
innan fiskveiðimarka Færeyja. Einnig  
skal nefndri stofnun tilkynnt koma skips  
í fiskveiðilögsögu Færeyja og brottför  
þess þáðan. Aflamagn skal tilkynnt Sjávar-  
arútvegsstofnuninni (Fiskivinnustovuni)  
eftir hverja löndun.

#### Rannsóknir á göngu kolmunna.

Íslensk og færeysk stjórnvöld telja  
æskilegt, að stofnað verði til samvinnu  
íslenskra og færeyskra fiskifræðinga um  
rannsóknir á göngu kolmunna á svæðinu  
milli Íslands og Færeyja.

Skipan þessi er háð samþykki Alþingis  
og Lögþings Færeyja.

veiðu millum hesar, reglur um friðaðar  
leiðir og aðrar reglur um stongdar leiðir.  
Omanfyri nevndu íslensku skip skulu  
dagliga boða Vagnar- og hjargingartæna-  
stuni í Föroyum frá, hvar tey eru stödd,  
meðan tey fiska innanfyri föroyska fiski-  
markið. Somuleiðis skulu skipini boða  
nevnda stovni frá komu í föroyskan sjógv  
og fráferð. Fráboðan um veiðinögd skal  
aftaná hvörja landing verða send Fiski-  
vinnustovuni.

#### Rannsóknir um svartkjaftagöngdina.

Íslenskir og föroyskir myndugleikar  
eru samdir í ynskinum um, at samvinna  
verður tikin upp millum íslenskar og  
föroyskar fiskifrøðingar um rannsóknir  
í svartkjaftagöngdini á leiðini millum Ís-  
lands og Föroya.

Hendan skipan er treytað av samtykt  
Altingsins og Föroya lögtings.

Reykjavík, 4. febrúar 1977.

Staðfest:

Einar Ágústsson

Atli Dam

Matthías Bjarnason.

Pétur Reinert.

Nr. 4.

9. febrúar 1977.

## AUGLÝSING

um gildistöku samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir  
árekstra á sjó, 1972.

Hinn 15. júlí 1977 tekur gildi samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg  
fyrir árekstra á sjó, sem undirrituð var í London hinn 20. október 1972.

Samþykktin ásamt reglunum og öðrum viðaukum var birt sem fylgiskjal með  
auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 6/1975, þar sem greint var frá afhendingu  
fullgildingarskjals Íslands.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. febrúar 1977.*

Einar Ágústsson.

*Henrik Sv. Björnsson.*